



VS-UMBOÐ

Ég undirrituð/aður, veiti hér með Byr hf., kennitala 620410-0200, fullt og ótakmarkað umboð til að kaupa og selja verðbréf í mínu nafni að minni beiðni. Umboð þetta nær einnig til að innheimta afborganir, verðbætur, vexti og arð af verðbréfum sem Byr varðveita fyrir mig. Byr er vörsluaðili erlendra verðbréfa.

Undirritaður vörsluþegi er heimilisfastur í því landi sem fram kemur á umboði þessu (í skattalegum skilningi) og uppfyllir skilyrði ákvæða tvísköttunarsamnings, sé um slíkt að ræða. Tafarlaust skal tilkynna Byr ef breyting verður á búsetu og þ.m.t. skattalegri stöðu. Byr getur verið skylt að afhenda viðurkenndum alþjóðlegum skattayfirlöðum upplýsingar um breytingar á búsetu viðskiptamanns telji félagið líkur á að slíkt hafi átt sér stað.

Byr hefur umboð til að stofna umsýslureikning (nefndur Verðbréfareikningur og er innstæðu-reikningur stofnaður í Byr) sem er í mínu nafni og til að leggja inn fé á reikninginn og taka það út. Ennfremur nær umboð þetta til að kanna hvort ég sé skráður eigandi að verðbréfum (rafbréfum) skráðum hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Umboðið gildir til þess að stofna vörslureikning (VS-reikning) í mínu nafni og til að skrá inn á þann reikning þau verðbréf sem ofangreind könnun kann að leiða í ljós að ég eigi. Umboðið skal gilda þar til að það verður skriflega afturkallað.

Til að tryggja öryggi viðskiptamanns og Byrs og sem tæki til að leiðrétta hugsanlegan misskilning, eru öll símtöl við félagið hljóðrituð, án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn. Slíkar hljóðritanir munu verða lagðar fram í dómsmáli ef upp kemur ágreiningur um hvað samningsaðilum fór á milli, svo sem um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta.

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimilisfang: _____ Pnr. _____ Land: _____

Hs: _____ Vs: _____ Fax: _____ Netfang: _____

_____ Dags.

_____ Undirskrift viðskiptamanns

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði.

_____ Nafn

_____ Kennitala

_____ Nafn

_____ Kennitala

Neðangreint útfyllist af starfsmanni:

Bankareikningur sem má tekju-/skuldfæra : _____
Útibú Hb Reikningsnúmer

_____ Nafn starfsmanns
(Ljósrit skal ávallt fylgja með umboði)

_____ Tegund/nr. persónuskilríkja viðskiptamanns